

Hörgársveit
Guðmundur Sigvaldason
Pelamerkuskóli
601 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. febrúar 2012
Tilvísun: UST20120100157/ksj

Tillaga að deiliskipulagi á frístundahúsi í landi Gloppu Hörgársveit. Umsögn

Vísað er til erindis sveitarstjóra Hörgársveitar er barst 16. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi vegna frístundahúss í landi Gloppu í Öxnadal í Hörgársveit.

Á deiliskipulagsreit verða staðsett auk 40 fermetra frístundahúss, snyrtiaðstaða, geymsla og rotþró.

Náttúrumínjar

Ofangreindu erindi fylgir tillaga að deiliskipulagi vegna frístundahúss í landi Gloppu í Öxnadal og vangaveitur um hvort svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er inni á svæði á náttúruminjaskrá, sem er svæðið nr. 501. „*Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar*, (423), Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu“. Í skránni segir um svæðið: „(1) *Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegur nr. 1 á Öxnadalshéiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.*“

Fram kemur í erindi sveitarstjóra Hörgársveitar að sveitarfélagið telji svæðið sem tillaga að deiliskipulagi nái yfir, vera utan ofangreinds svæðis á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun tekur undir þá skoðun Hörgársveitar, þar sem fram kemur í lýsingu svæðisins að náttúruminjasvæðið nái að þjóðvegi 1. Í tilfellum sem þessum þá er það lýsing í náttúruminjaskrá sem gildir, og bendir Umhverfisstofnun á að teikniskrá yfir svæði á náttúruminjaskrá var gerð á ónákvæman kortagrunn sem verið er að uppfæra.

Frárennsli

Umhverfisstofnun bendir á varðandi frárennismál, að rotþró og siturlögn þurfa að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur. Stofnunin hefur gefið út bæklinginn:

„Leiðbeiningar um rofþrær og siturlagnir“, og er hann að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Staðsetning

Í greinargerð er fylgir tillögu að deiliskipulagi frístundahúss í landi jarðarinnar Gloppu kemur fram að deiliskipulagssvæðið er á vatnsverndarsvæði III, fjarsvæði vatnsbóla og bendir Umhverfisstofnun á að taka verður tillit til þess við framkvæmdir. Einnig kemur fram að svæðið sem deiliskipulagstillagan nær yfir er að mestu uppgrónar skriður með lækjarfarvegum, og að á svæðinu hefur verið plantað nokkuð af trjám og gerðar litlar flatir fyrir hjól- og fellihýsi yfir sumartímann.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundahús í landi Gloppu í Öxnadal.

Virðingarfyllst

A. Berna Guð.
Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun